



4. bekkur - námsgrein: Íslenska - kennari: Dýrleif Bjarnadóttir - tímafjöldi: 6 tímar á viku

Námsgögn: Fjölbreytt lestrarefni í skóla og heimalestri og miðað við getu hvers og eins. Fræðibækur í tengslum við ritun og þemaverkefni. Ljóð og sögur. Lesrún 2. Skrift 4 og Ítalíuskraft 4. Sóknarskrift. Lesrún 2. Málfræðispil. Sögubók. Google classroom. Book Creator.

Lykilhæfni:

Samkvæmt aðalnámskrá er viðmið um lykilhæfni í fimm liðum: 1. Tjáning og miðlun: Hæfni til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega eða á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu sinni og leikni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum. 2. Skapandi og gagnrýnin hugsun. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áráðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu. 3. Sjálfstæði og samvinna. Hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. 4. Nýting miðla og upplýsinga. Hæfni til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnnan hátt. 5. Ábyrgð og mat á eigin námi. Hæfni til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Leitast er við að skapa hvetjandi og styðjandi aðstæður í kennslustundum til koma þessum þáttum til leiðar.

Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun*. Sjá nánar í skólanámskrá Landakotsskóla.

Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.

Í Landakotsskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Í megindráttum er endurgjöf og námsmat til nemenda með tvenns konar hætti:

- í formi óformlegs námsmats í gegnum samtal, hvatningu og leiðsögn í kennslustundum sem byggt er á skýrum markmiðum sem eru nemendum ljós.
- með formlegri hætti með ólíkum verkefnum sem nemandi vinnur ýmist í skólanum eða sem heimaverkefni. Nemendur sýna hæfni sína með ritgerðum, kynningum, munnlegum, verklegum eða skriflegum prófum, leikþáttum, stuttmyndum, framsöguverkefnum myndverkum eða dansverkum þar sem styrkleikar nemenda geta notið sín. Í þessum verkefnum fá nemendur formlegri endurgjöf sem getur verið í formi einkunnarorða, bókstafa, prósentutölu, stigagjafar eða umsagnar. Nemendur vinna einnig sjálfsmat og jafningjamat með sambærilegum hætti. Námsmatið er grundvallað á þeim hæfniviðmiðum sem unnir er með hverju sinni.



Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem náms- og kennsluaðferðir og námsmat byggjast á.

- Hæfniviðmiðin skýra fyrir nemendum til hvers er ætlast af þeim og leiðbeina við námið, hvetja og auka skilning á tilgangi námsins.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að gera sér skýra grein fyrir því hvað það er sem þeir vilja að nemendur nái tökum á varðandi þekkingu og leikni.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að velja hentugar kennsluaðferðir og skilgreina hvernig meta skuli árangur og hvort tiltekinni hæfni sé náð.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Náms-og kennsluaðferðir	Námsmat
Lestur og lesskilningur	Nemandi hefur hæfni til að lesa fjölbreytt efni með liprum hætti og les sér til ánægju. Getur skilið, ályktað og ráðið í merkingu orða og orðasambanda út frá textasamhengi.	Bein kennsla Einstaklingsvinna Paralestur Umræður Heimildavinna	Námsmat, stöðluð próf (Lesfimi) að hausti og í annarlok.
Lestur- hlustun/upplestur	Nemandi hefur hæfni til að lesa fjölbreytt efni með liprum hætti og les sér til ánægju. Getur skilið, ályktað og ráðið í merkingu orða og orðasambanda út frá textasamhengi. Nemandi getur lesið skýrt fyrir framan hóp og lært texta utanað	Bækur af bókasafni lesnar í yndislestri, í tengslum við þemaverkefni og samþættingu námsgreina. Ljóð og söngtextar.	Kennari les fjölbreytt efni, útskýrir orð og orðatiltæki, spyr og stýrir umræðum um efni bóka, kynnir rithöfunda og ýtir undir áhuga á lestri.
Skrift	Nemandi skrifar tengda skrift skýrt og læsilega	Skipulagðir skriftartímar vikulega. Þá er farið í stafdrætti hvers bókstafs og tengingar þeirra. Nemendur skrifa texta sem kennari skoðar jafnóðum. Lögð er áhersla á að nemendur dragi rétt til stafs þegar þeir skrifa utan skriftartímanna	



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2025 2026

Stafsetning Áhersla á að stafsetja rétt (lítill/stór stafur, orðabil, einfaldur/tvöfaldur samhljóði, ákveðinn greinir, ng/nk reglan o.fl.)	Nemandi getur nýtt sér kunnáttu í stafsetningu og málfræði til að skrifa réttan texta hvort sem um er að ræða heimildaskrif, frjálsa ritun eða aðra tegund ritunar	Sóknarskrift Skrifa texta eftir upplestri Skoða frumsamda texta	Stöðluð próf og símat.
Málfræði: Stafrófið, sérhljóðar og samhljóðar Orðflokkar; - Nafnorð, kyn, sérnöfn/samnöfn, eintala/fleirtala, greinir, fallbeyging - lýsingarorð, stigbreyting - sagnorð, nútíð/pátíð samheiti/andheiti, spurnarorð	Nemandi kann skil á og getur beitt málfræðihugtökum og er fær um að nýta þá leikni í rituðu máli miðað við aldurssvarandi viðmið. Nemandi getur beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málkilningi sem hæfir þroska.	Lesrún 2 Málfræðiverkefni tengd jólum og öðrum hátíðum Paravinna Umræður Samvinna Spil og leikir	Símat



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2025 2026

Ritun, frjáls ritun og staðreyndaritun, málsgreinar og greinarmerki heimildavinna, hugarkort	Nemandi getur skrifað samfelldan texta (upphaf, meginmál, endir). Beitt viðeigandi stafsetningar- og málfræðireglum. Getur flutt textann á skýran og áheyrilegan hátt.	Ritrún 3 Lesrún 2 Sögubók/dagbók Nemendur skrifa um vettvangsferðir í dagbók Heimildavinna Frjáls sögugerð og upplestur þeirra Unnið með texta og orðskýringar í stílabók Greina aðalatriði frá aukaatriðum Sambætting við aðrar námsgreinar	Virgni í tímum Símat
Ritun, frjáls ritun og staðreyndaritun, málsgreinar og greinarmerki heimildavinna	Nemandi getur skrifað samfelldan texta (upphaf, meginmál, endir). Beitt viðeigandi stafsetningar- og málfræðireglum. Getur flutt textann á skýran og áheyrilegan hátt.		



ANNARÁÆTLUN				
Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Dagsetning mats	Annað
Ágúst - júní	Lestur og lesskilningur	Fjölbreytt lestrarefni í heimalestri og í skóla miðað við getu hvers og eins. Fræðibækur í tengslum við þemaverkefni. Ljóð, sögur og þjóðsögur tengdar íslenskum þjóðháttum. Bækur af bókasafni Lesrún 2	Allt árið	Lesfimi Orðarún
Ágúst - jún.	Lestur-hlustun/upplestur	Bækur af bókasafni lesnar í nesti, í tengslum við þemaverkefni og samþættingu námsgreina.	Allt árið	
Ágúst - júní	Skrift	Skrift 4	Allt árið	
			Allt árið	



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2025 2026

Ágúst -júní	Málfræði	Ritrún 3 Lesrún 2 Kennsluforrit á mms.is; t.d. Eldgrímur Málfræðispil Málfræðiverkefni tengd jólum og öðrum hátíðum	Allt árið	
Ágúst-júní	Ritun, frjáls ritun og staðreyndaritun, málsgreinar og greinarmerki	Ritrún 3 Lesrún 2 Sögubók/Dagbók	Allt árið	

Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.